



Kæri nemandi, velkominn í MH.

Eins og þú veist þá hefur umsókn þín um skólavist verið samþykkt og bjóðum við þér skólavist hjá okkur frá og með haustönn 2024.

Nám sem þú hefur tekið í öðrum skólum hefur verið metið eins og hægt er miðað við okkar áfanga í MH og miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Þú getur skoðað það í Innu. Endilega sendu okkur póst eða komdu í heimsókn ef það eru einhverjar spurningar sem brenna á þér varðandi matið eða val á áföngum. Venjan er sú að við veljum á þig áfanga miðað við stöðu þína í námi. Ef þú hefur ákveðnar óskir um áfanga þá getur þú skoðað áfangaframboðið á heimasíðu skólans undir [námið](#) og komið upplýsingum til okkar sem fyrst með því að svara þessum pósti. Viðtaltímar námstjóra verða í ágúst og þá getur þú komið og rætt þetta við okkur.

Greiðsluseðill verður sendur út fyrir skólagjöld haustannar sem eru 12000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 6000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Gjaldtagi er 20.06 2024 en eftir eindaga sem er 11.07 2024 leggst á álag kr. 1500 (sjá nánari upplýsingar). Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 5000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi nemendafélagsins, samhliða því að takast af krafti á við námið. Ef þú ert að fara í myndlist eða hússtjórn, koma greiðsluseðlar vegna efniskostnaðar inn síðar, eftir að önnin hefst.

- Gjaldtagi 20.06 2024
- Eindagi 11.07 2024
- Inna, www.inna.is er opin eins og er, þar til í byrjun ágúst en þá lokast hún og opnast aftur um miðjan ágúst, þegar stundatöflur eru tilbúnar, hjá þeim sem greitt hafa skólagjöld haustannar.
 - Mundu að þú þarft rafræn skilríki og aðstandendur þínir hafa líka aðgang að Innu með sínum rafrænu skilríkjum (ef þú ert undir 18 ára).
 - Búast má við að stundatöflur verði tilbúnar í kringum 13. ágúst og þá opnar Inna hjá þér, ef þú hefur greitt skólagjöld haustannar.
 - Ef skólagjöld eru greidd eftir að stundatöflur opna þá opnar Inna fyrsta virka dag eftir greiðsluna.

Greiðsla innritunargjalds er endanleg staðfesting á að þú þiggir skólavist hjá okkur í MH.

Námstjórar verða til viðtals 13. og 14. ágúst frá kl. 10:00 - 14:00 ef þú vilt ræða námsferilinn þinn nánar eða þarft að breyta stundatöflunni.

Sjáumst á kynningarfundum fyrir nýnema haustannar 2024 sem verður 15. ágúst kl. 13:00. Nánari upplýsingar munu birtast á heimasíðunni í ágúst. Gangi þér sem best og sjáumst í haust.

Kv Helga Jóhannsdóttir, konrektor

e.s.

Ef þú ætlar ekki að þiggja skólavist hjá okkur næsta haust þá biðjum við þig um að láta okkur vita með því að svara þessum pósti.